

Sálin hans Jóns míns:

Platínu- tónleikar

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hélt tónleika á Púlsinum á fimmtudagskvöldið fyrir troðfullu húsi og komust færri að en vildu. Tónleikunum var útvarpað í

beinni útsendingu á rás 2 og þóttu takast meiriháttar vel.

Segja má að hljómsveitin sé að upplifa viss tímamót um þessar mundir því nýlega var þeim afhent

plátínuplata fyrir nýjustu breiðskífuna sem þýðir að hún hefur selst í yfir 7.500 eintökum um allt land. Geri aðrir betur!



Það var reykmattað andrúmsloftið á Púlsinum, enda stemningin góð og troðfullt hús.



Sumir létu sig hafa það að standa allan tímann sem þeir hlýddu á hljómsveitina.



Stefán Hilmarsson söng af mikilli innlifun, elns og hans er von og vísa.

DV-myndir RASI